

12. fundur Hverfisráðs Eyrarbakka

Haldinn á Stað þann 12. ágúst 2014 kl 19:30.

Mætt eru: Siggeir Ingólfsson formaður, Gísli Gíslason og Guðlaug Einarsdóttir.

Formaður setur fundinn.

1. Síðasta fundargerð lesin og yfirfarin staða mála sem þá voru á dagskrá.
 - a. Göngustigurinn milli Eyrarbakka og Stokkseyri. Aðalskipulag er í auglýsingu sem stendur. Hverfisráð mun fylgjast vel með framgangi þessa máls.
 - b. Staða barna her á ströndinni varðandi félags- og æskulýðsmál. Erindi barst formanni Hverfisráðs varðandi breytingar á strætisvagnaferðum en sá flýttir var á erindinu að ekki náðist að kalla saman til fundar í ráðinu. Nú hafa verið gerðar breytingar á ferðum strætisvagna og taka þær gildi 1. sept nk..
 - c. Ruslasöfnun innan þorpsins. Ákveðið koma í verk ákvörðun síðasta fundar og senda fyrirspurn til Skipulags- og bygginganefndar Árborgar um hverjir hafi stöðuleyfi fyrir gámum á Eyrarbakka.
2. Verkaskipting innan Hverfisráðs. Siggeir er þegar skipaður formaður Hverfisráðs og ákveðið er að Guðlaug haldi áfram sem ritari. Önnur verkaskipting ekki gerð.
3. Upplýsingaöflun um gangstéttar og miðbæjarmál á Eyrarbakka. Halda þarf áfram með framkvæmdir við gangstétt og miðbæjarskipulag sem nú hefur legið niðri um nokkurn tíma. Hverfaráð samþykkir að beina því til bæjarráðs að erindið verði tekið fyrir á næsta fundi Byggingar- og skipulagsnefndar sem verður þann 3. september nk..
4. Göngustíur frá Slipp að Barnaskólanum. Ofaníburður göngustígsins er í fjárheimildum sveitarfélagsins fyrir 2014 en ekkert enn aðhafst. Hverfaráð samþykkir að senda erindi til Bæjarráðs varðandi málið.
5. Umræða um framtíð Hallskots sem Svf. Árborg festi nýlega kaup á. Í Hallskoti hefur sveitarfélagið eignast mikla náttúruparadís með því líkum fjölda trjá- og runnategunda að líkja má við skruðgarð. Ljóst er að gríðarleg vinna við plöntun og umhirðu liggur að baki. Til kynningar svæðisins ákveður Hverfisráð Eyrarbakka að bjóða bæjarstjórnarfulltrúum og mökum þeirra í lautarferð í Hallskot föstudaginn 29. ágúst kl 17 undir leiðsögn garðyrkjufraeðings og munu þeir fá boðskort þar um.
6. Gróðursetningar trjágróðurs á opnum svæðum á Eyrarbakka. Hverfisráð Eyrarbakka fagnar gróðursetningu trjáa og rósa í þorpinu og hvetur til frekari gróðursetningar.
7. Yfirferð og skoðun á umgengni á Eyrarbakka. Hverfaráð óskar eftir því að fenginn verði utanaðkomandi aðili til að gera úttekt á ásýnd þorpsins og því sem betur mætti fara í almennri umgengni þar. Samþykkt er að hafa samband við önnur hverfisráð um samvinnu milli ráðanna í þeim efnum.
8. Rætt um frekari samvinnu við önnur hverfisráð um sameiginleg hagsmunamál.

Fundi slitið kl 21. Næsti fundur boðaður þann 27. ágúst á sama Stað og stund.

Fundarritari: Guðlaug Einarsdóttir